



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hádegisverði
forsætisráðherra Ernu Solberg
Akershus virki
Ósló
22. mars 2017**

Forsætisráðherra,
ráðherrar,
aðrir góðir gestir

Ég þakka kærlega fyrir hið góða boð, að sitja hér í Akershus virkinu hádegisverð í boði ríkisstjórnar Noregs. Lengi höfum við Íslendingar getað sótt leiðsögn og fyrirmyndir á sviði löggjafar og stjórnarfars til Noregs. Fyrir miðja tíundu öld stofnuðu höfðingjar á Íslandi Alþingi og höfðu þá til hliðsjónar þingskipan í Noregi. Lög hins íslenska þjóðveldis voru einnig sótt þangað. Sama á við um Járnsíðu, safn laga sem giltu um skamma hríð eftir að Íslendingar gengu Hákonu gamla Hákonarsyni Noregskonungi á hönd á þrettánda öld, og síðan Jónsbók sem var kjölfestan í lögum landsins um aldir. Enn eru í gildi einstök ákvæði hennar, meðal annars lög um hvalreka og rekavið, auk kafla um voðaverk eða háskalegt óviljaverk sem leitt hefur til tjóns. Reyndar á síðarnefndi kaflinn rætur að rekja til laga þjóðveldisins og þar með til Noregs. Í honum segir meðal annars: „Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af.“ [Jónsbók, Mannhelgi. Kap. 13. Um váðaverk]. Til þessara ákvæða er enn vísað á Íslandi í sambandi við ábyrgð á tjóni við þátttöku í leik og íþróttum.

Með hliðsjón af því hve margir íslenskir þjálfarar og leikmenn hafa gert garðinn frægan í Noregi tel ég við hæfi að nefna þetta hér. Kannski standa þeir sig svona vel af því að þeir vita að þeirra er ábyrgðin og áhættan. Og vonandi sýna þeir aldrei leikaraskap, þann ljóta ósið knattspyrnunnar og ýmissa annarra íþróttar. Á slíku hefði verið tekið í Jónsbók, hefðu Egill Skallagrímsson, Grettir sterki, Hallgerður langbrók og Gunnar á Hlíðarenda sem stökk hæð sína í öllum herklæðum, lagst svo lágt að engjast um í grasinu til að fá samúð og hagfelldan dóm. „Ei skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir,“ sagði Gunnlaugur ormstunga. Heyrið það, íþróttamenn samtímans.

Kæri forsætisráðherra! Fyrir nokkrum vikum sótti ég í Reykjavík málþing um málefni langveikra barna ásamt einum ráðherra úr ríkisstjórn Íslands. Við vorum auðvitað sammála um mikilvægi þess að hlúa að þeim og fjölskyldum þeirra eftir föngum og uppskárnum þakkir hlustenda. Við gengum saman út úr salnum en um leið skildu leiðir að vissu leyti. Ég sagði við ráðherrann: „Mikið er nú gott að vera forseti í lýðveldi, ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum, læt ráðherra framkvæma vald mitt eins og segir í stjórnarskránni. Ég get og vil styðja góð málefni, eins og þú, en tókstu eftir því að síðan sögðu ráðstefnugestir: Nú vil ég spyrja *ráðherrann*, hvað ætlar þú svo að gera?“

Á Íslandi markar forseti ekki stefnu í landsmálum frá degi til dags, það gera ríkisstjórn og ráðherrar, og Alþingi. Í mínu embætti má ég samt og á að vekja máls á því sem brennur á fólki hverju sinni, ræða álitamál á alþjóðlegum vettvangi – mæla þarft eða þegja, eins og segir í Hávamálum, þeim samnorræna arfi okkar.

Á alþjóðavettvangi eru blikur á lofti, eins og fyrri daginn. Við Íslendingar og þið Norðmenn höfum stundum deilt, einatt um fisk og nýtingu auðlinda hafsins. Jafnan höfum við leitað lausna og samninga á grundvelli laga og réttar. Þannig höfum við sýnt gott fordæmi og getum gert það áfram. Við eigum samleið í nýtingu vistvænnar orku, vinnum saman á sviði fiskeldis og fiskvinnslutækni. Innan Evrópska efnahagssvæðisins gætum við sameiginlegra hagsmuna og ættum að finna styrk í samstöðu á þeim vettvangi. Sem fyrr er samstarf á sviði varnarmála okkur Íslendingum sömuleiðis mikils virði, að ekki sé minnst á alla þá góðu samvinnu sem á sér stað á okkar sameiginlega norræna vettvangi.

Með opinberri heimsókn minni gefst tækifæri til að styrkja enn frekar hin góðu tengsl sem ríkja milli Íslands og Noregs. Þau byggja á grunni sem nær yfir þúsund ár aftur í tímann. Saman horfum við líka til framtíðar. Ég þakka aftur vinalegar móttökur og bið alla viðstadda að lyfta glösum, okkar góðu gestgjöfum til heilla.